



Fundargerð

526. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 18. desember 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 9:04.

Fundargerðir:

1. 2512002F - Skipulags- og umhverfísráð Skaftárhrepps - 11

Lögð fram fundargerð 11. fundar Skipulags- og umhverfísráðs frá 15. desember 2025.

1.1 1906004 - Deiliskipulag Efri Ey II og III

Niðurstaða Skipulags- og umhverfísráð Skaftárhrepps - 11

Skipulags- og umhverfísráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfísráðs.

1.2 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðaþjónusta

Niðurstaða Skipulags- og umhverfísráð Skaftárhrepps - 11

Skipulags- og umhverfísráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfísráðs.

1.3 2510003 - Deiliskipulag virkjunar í Hverfisfljóti-breyting á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulags- og umhverfísráð Skaftárhrepps - 11

Skipulags- og umhverfísráð leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði lagfæringar á tillögunni til samræmis við möguleg viðbrögð sem fram komu í samantektarskjalinu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfísráðs.

BAs
sh. Ak
J-S 1689



- 1.4 2510001 - Deiliskipulagi fyrir Skerja- og Skriðuvelli á Kirkjubæjarklaustri.

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 11

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs er að skipulagsráðgjafa er falið að vinna tillögu að skipulagsgögnum til auglýsingar þar sem tekið verði tillit til þeirra umsagna/athugasemda sem bárust.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

- 1.5 2510002 - Miðsvæði Kirkjubæjarklausturs-deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 11

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs er að skipulagsráðgjafa er falið að vinna tillögu að skipulagsgögnum til auglýsingar þar sem tekið verði tillit til þeirra umsagna/athugasemda sem bárust.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

- 1.6 2508003 - Sjónarhóll deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 11

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

- 1.7 2508004 - Heiðarsel deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 11

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

- 1.8 2512006 - Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043-Snæbýli og Efri Ey II og III

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 11

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð, samþykkti að bæta þessu máli á dagskrá fundarins.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

BHS
25.
Shi Ar
1690 GOS



2. 2512011 - Fjallskilanevnd Álfaversafréttar
Lögð fram til kynningar, fundargerð fundar Fjallskilanevndar Álfaversafréttar frá 1. desember 2025 ásamt uppgjöri
3. 2512012 - Velferðarráð Skaftárhrepps
Lögð fram fundargerð 10. fundar Velferðarráðs frá 16. desember 2025 ásamt umbótaáætlun grunnskóladeildar. Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði, umbótaáætlun fyrir grunnskóladeild.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

4. 2508012 - Starfsmannamál
Oddviti gerði grein fyrir málinu. Óskar Örn Gunnarsson, Landmótun, hefur óskað eftir að láta af störfum sem skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins þann 31. desember næstkomandi. Oddviti lagði til að Hlynur Torfi Torfason, VSO yrði ráðinn í hans stað frá og með 1. janúar 2026. Sveitarstjórn samþykkti í einu ráðningu á Hlyni Torfa Torfasyni, í stöðu skipulagsfulltrúa og biður hann velkominn til starfa. Jafnframt þakkar sveitarstjórn Óskari Erni Gunnarssyni fyrir samstarfið á liðnum árum.
5. 2512013 - Stofnun B-deildarfélags
Oddviti gerði grein fyrir málinu. Oddviti lagði til að einkahlutafélag yrði stofnað utan um rekstur Félagsheimilisins Kirkjuhvols og fengi nafnið Félagsheimilið Kirkjuhvoll ehf. og yrði B- deildar félag Skaftárhrepps, var tillaga oddvita samþykkt. Oddviti lagði til að stjórn félagsins yrði skipuð rekstraraðilum félagsheimilisins, þeim Herdísi Huld Guðveigardóttur og Rúnari Þorra Guðnasyni og fulltrúi sveitarfélagsins yrði sveitarstjórinn, var tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði.
6. 2512014 - Sala eigna
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Fyrirspurnir hafa borist í fasteignir og lóðir sveitarfélagsins á liðnum vikum. Greindi hann frá því að Leigufélagið Briet, hefur óskað eftir að fá að ástandsskoða fasteignir að Skaftárvöllum 26D (F2500474) og Skaftárvöllum 26E (F2500478) og aðrar eignir sveitarfélagsins á Skaftárvöllum. Jafnframt hefur komið fyrirspurn frá verktökum í fasteignina Skaftárvelli 1a (F2241878) og Skaftárvelli 1b (F2241870). Ennfremur hefur komið fyrirspurn frá verktökum í fjölbýlishúsalóðina að Skriðuvöllum 2 til 6. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, að fela sveitarstjóra að láta óháðan aðila verðmeta fasteignirnar að Skaftárvöllum 1a og 1b og auglýsa þær til sölu í því ástandi sem þær eru í ef verðmat gefur slíkt til kynna og kynnt sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, að fela sveitarstjóra að selja byggingarétt á lóðinni að Skriðuvöllum 2 til 6 ef viðunandi verð fæst. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að fylgja eftir áhuga Leigufélaganna Brákar og Brietar.

BHS
JG. H
Sri. H
1691 GØ



Kaffihlé gert klukkan 10:13
Fundi framhaldið klukkan 10:45

7. 2510025 - Ferðafélagið Blængur

Málið lagt fram að nýju, málinu var frestað á 524 fundi sveitarstjórnar. Oddviti gerði grein fyrir málinu. Fyrir sveitarstjórnarfundum liggur erindi Ferðafélagsins Blængs vegna mögulegrar framsölu réttinda og skyldna, á grundvelli samnings félagsins og Skaftárhrepps, um gangnamanna-skálann við Blæng, til handa Ferðafélagi Íslands. Samkvæmt samningi Skaftárhrepps og Ferðafélagsins Blængs, sem undirritaður var þann 7. mars 2018 og gildir til 10 ára, tekur Ferðafélagið Blængur gangnamannaskálann við Blæng „í föstur“. Í samningnum felst, sjá 2. grein, að Ferðafélagið Blængur tekur að sér viðhald og rekstur skálans gegn óskorðuðum eigin afnotarétti og framleigu til handa almenningi. Í 3. grein samningsins segir að Ferðafélagið Blængur skuli leitast við að haga starfsemi sinni þannig að hún taki mið af hagsmunum sveitarfélagsins hvað varðar bein og óbein áhrif á ferðaþjónustu og aðra starfsemi á svæðinu. Þá eru samkvæmt 5. grein samningsins endurskoðunarákvæði, standi vilji beggja samningsaðila til þess. Jafnframt segir í 5. grein að verði um leigu að gangnamannahúsinu að ræða að samningstíma loknum skuli Ferðafélagið Blængur hafa forleigurétt, t.d. með því að ganga inn í hæsta leigutilboð að undangengnu almennu útboði. Að öllu framansögðu lítur sveitarstjórn svo á að með umbeðinni framsölu réttinda til handa Ferðafélagi Íslands sé verið að taka núgildandi samning á annað stig. Þá er sveitarstjórn það einnig ljóst að umtalsverður áhugi er fyrir því innan sveitarfélagsins að taka skálann og aðstöðu tengda honum á leigu til aukinnar atvinnusköpunar í sveitarfélaginu.

Það er því ákvörðun sveitarstjórnar að hafna umbeðinni beiðni Ferðafélagsins Blængs um framsölu réttinda til handa Ferðafélagi Íslands á grundvelli núverandi samnings. Jafnframt lýsir sveitarstjórn sig tilbúna til viðræðna um endurskoðun á núverandi samningi, með það að markmiði að gangnamannaskálinn við Blæng og aðstaða tengd honum verði auglýst til leigu í almennu útboði að núgildandi samningstíma loknum.

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir þessum lið og gerði grein fyrir afstöðu sinni.

8. 2512009 - Viðauki 2 við fjárhagsáætlun ársins 2025

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði fram viðauka númer 2 við fjárhagsáætlun ársins 2025. Viðaukinn er unninn í samstarfi við KPMG endurskoðunarfyrtæki sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025.

Fulltrúi minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég, Sveinn H. Jensson fulltrúi XD og óháðra, geri athugasemdir við viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2025.

Með viðaukanum lækkar rekstrarafgangur A-hluta sveitarfélagsins verulega og rekstrarlegt svigrúm veikist. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar minnihluta um varfærni í rekstri sem og reglulegu eftirliti með mánaðarlegum rekstraryfirlitum þá hafa útgjöld verið aukin verulega án þess að tekjur aukist á móti.

Athygli vekur að lausafjárstaða sveitarfélagsins er tryggð með nýju láni uppá 75 millj. Ísl. kr.- í viðauka nr. 2, og þar á meðal með skammtímalánum, án þess

BHJ
Skr. Al. 26. 683



að fyrir liggi skýr og aðskilin ákvörðun sveitarstjórnar um heimild til slíkrar fjármögnunar. Minnihlutinn telur óheppilegt að rekstur sveitarfélagsins sé þannig háður skammtímafjármögnun á sama tíma og fullyrt er að rekstur þess sé traustur.

Jafnframt byggir sú breyting sem viðaukinn felur í sér að hluta til á frestun eða ónýtingu áður samþykktar fjárfestinga, sem er ekki varanleg hagræðing heldur tilfærsla nauðsynlegs kostnaðar til síðari ára.

Ég ítreka jafnframt fyrri bókanir mínar um að fræðslu- og uppeldismál hafi ítrekað farið fram úr fjárhagsáætlun, meðal annars í kjölfar framkvæmdar sameiningar skólana hér í sveitarfélaginu. Rétt er að fagna þeim úrbótum sem orðið hafa á skólahúsnæði

Kirkjubæjarskóla á Síðu og að horfur í skólamálum hafi batnað verulega þökk sé núverandi starfsfólki skólans.

Þrátt fyrir það liggur fyrir að þær ákvarðanir sem teknar hafa verið hafa haft veruleg neikvæð áhrif á fjármál sveitarfélagsins og að það tjón sem orðið er verður ekki aftur tekið. Minnihlutinn telur engu að síður nauðsynlegt að þessi staða sé skráð með skýrum hætti og að dreginn verði lærdómur af ferlinu til framtíðar. Af þessum sökum getur undirritaður ekki samþykkt viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2025.

9. 2512010 - Lántaka

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Óskað er eftir heimild sveitarstjórnar að taka 75 milljóna lán eins og áætlað var í fjárhagsáætlun ársins 2025.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 75.000.000, með lokagjald daga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til viðhalds á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Héraðsbókasafni og grunnskóladeild, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Einari Kristjáni Jónssyni, kt. 150371-5119, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fulltrúi minnihluta lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég, Sveinn H. Jensson fulltrúi XD og óháðra, kýs að sitja hjá við umræðu þessa máls. Í ljósi fyrri bókana minnihluta um veikburða heildarsýn í fjármálastjórn, og meðal annars viðauka 2 við fjárhagsáætlun ársins 2025 sem inniheldur þessa auknu skuldsetningu, kýs undirritaður að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Undirritaður telur ekki forsendur til að taka frekari afstöðu til lántöku á

BHS
Sinn. At 7-5.
GEB
1693



Þessu stigi án heildstæðrar endurskoðunar á stöðu og stefnu fjármála sveitarfélagsins.

10. 2512007 - Fjárhagsáætlun ársins 2026 síðari umræða

Tekið til afgreiðslu fjárhagsáætlun ársins 2026 ásamt yfirlitsræðu sveitarstjóra.

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2026 til síðari umræðu og flutti yfirlitsræðu sína.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2026.

Rekstur fyrir fjármagnsliði og afskriftir 2026 er áætlaður jákvæður um 143,3 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 43,7 milljónir 2026.

Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 47 milljónir árið 2026.

Veltufé frá rekstri er áætlað um 117,8 m.kr. 2026.

Gert er ráð fyrir 3,6% meðal-verðbólgu á árinu 2026.

Gert er ráð fyrir 581 m.kr. launakostnaði á árinu 2026.

Tekjur eru áætlaðar um 1.292 m.kr.

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 280 m.kr.

Afborganir langtímalána verði um 58 m.kr.

Stefnt er að því að handbært fé verði um 82 m.kr. í árslok 2026.

Langtímaskuldir munu hækka um 220 m.kr. á árinu.

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 301 m.kr. á árinu 2026. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagið fyrir árið 2026.

11. 2512008 - Fjárhagsáætlun áranna 2027, 2028 og 2029 síðari umræða

Tekin fyrir fjárhagsáætlun áranna 2027, 2028 og 2029

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun áranna 2027, 2028 og 2029. Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2027-2029 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru: Skuldir og tekjur munu aukast. Framkvæmdir sveitarfélagsins eru áætlaðar um 713 m.kr. á tímabilinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir í einu hljóði, fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árin 2027, 2028 og 2029.

Fulltrúi minnihluta lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég, Sveinn H. Jensson, fulltrúi XD og óháðra, ítreka fyrri bókanir mínar varðandi rekstur og fjármál sveitarfélagsins og bendi á að síðustu fjárhagsáætlanir hafa farið verulega fram úr áætluðum kostnaði. Ég skora á meirihluta sveitarstjórnar að tryggja ábyrgari og markvissari fjármálastjórn á síðustu mánuðum þessa kjörtímabils auk þess legg ég ríka áherslu á að ársreikningur sveitarfélagsins verði afgreiddur fyrir næstkomandi sveitarstjórnarkosningar.

Jafnframt er rétt að fagna því að nú sé fjármálastjóri starfandi við sveitarfélagið og hvet ég meirihlutann til að tryggja að reglulega verði birt mánaðarleg rekstraryfirlit fyrir stjórnendur stofnana sem og sveitarstjórn. Slík upplýsingagjöf er grundvallarforsenda þess að unnt sé að bregðast tímanlega við óvæntum aðstæðum og styrkja fjárhagslegt aðhald í rekstri sveitarfélagsins til skamms og lengri tíma.

BHS

Svi. H. Jensson
1694



Oddviti óskaði að eftirfarandi yrði bókað:

Ég vil í lok fundar þakka ykkur öllum gott og ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða. Samtals höfum við haldið tólf formlega sveitarstjórnarfundum og einn vinnufund á árinu. Hvað varðar rekstur sveitarfélagsins á líðandi ári þá tel ég að við getum nokkuð vel við unað og ljóst að þrátt fyrir stórar áskoranir þá eru mikil tækifæri fólgin í framtíðinni hvað varðar samfélagið hér í Skaftárhreppi. Nægir í því sambandi að nefna jarðhitaleit, uppbyggingu í landeldi og áform um byggingu stórskipahafnar í nú hafnlausu sveitarfélagi. Allt eru þetta verkefni sem fyrir ekki svo mörgum árum hefðu verið talin fjarstæðukennd. En tímarnir breytast og tækninni fleygir fram, sem gerir það að verkum að við þurfum að vera tilbúin til að mæta nýjum veruleika, án þess þó að kasta fyrir róða því atvinnulífi sem við byggjum á í dag. Allt getur þetta unnið saman og sameiginlega stutt við farsæla samfélagsuppbyggingu til framtíðar í Skaftárhreppi.

Ég vil svo að lokum óska ykkur öllum, sveitarstjórn, sveitarstjóra, starfsfólki sveitarfélagsins, sem og öllum öðrum íbúum Skaftárhrepps gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári og vona að þið öll njótið góðra daga með ykkar nánasta fólki yfir hátíðarnar.

Fleira ekki gert,
fundur slitið kl. 12:31.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson